

Mál 31/2017

Ár 2018, miðvikudaginn 18. apríl, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 31/2017

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

#### I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda Hundaræktarfélags Íslands sem barst siðanefnd 4. október 2017 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða

Y hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ þar sem við skráningu á hvolpum fæddum 23. júní 2017 hafi komið í ljós að Malteser tíkin A hafi ekki fengið 12 mánaða hvíld frá síðasta goti. Tíkin hafi átt tvö got áður, 1 hvolpur fæddur 4. janúar 2016 og 4 hvolpar fæddir 20. júlí 2016. Ekki voru því liðnir 12 mánuðir á milli gota en skv. grundvallarreglum félagsmanna þarf tík sem gýtur tvisvar innan 12 mánaða tímabils að hvílast í a.m.k. 12 mánuði fyrir næsta got.

Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 17. janúar 2018 og henni gefinn andmælafrestur til 14. febrúar 2018. Ekkert svar barst frá kærðu. Þar eð siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu væru fram komin þá ákvað nefndin að taka málið til úrskurðar.

#### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Við skráningu á hvolpum fæddum 23. júní 2017 hafi komið í ljós að Malteser tíkin A hafi ekki fengið 12 mánaða hvíld frá síðasta goti en skv. grundvallarreglum félagsmanna þarf tík sem gýtur tvisvar innan 12 mánaða tímabils að hvílast í a.m.k. 12 mánuði fyrir næsta got. Kærandi telur að með þöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

#### III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í grundvallarreglum segir:

„3. Ræktandi

3.4. Láta ekki tík gjóta oftar en fimm sinnum. Ef tík gýtur tvisvar innan 12 mánaða tímabils þarf að hvíla tíkina í a.m.k. 12 mánuði fyrir næsta got. Tík sem er 7 ára eða eldri skal hvílast a.m.k. 12 mánuði á milli gota.“

Óumdeilt er samkvæmt gögnum málsins að tíkin hafi ekki fengið 12 mánaða hvíld á milli gota og telst kærða því vera brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Þar eð kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins þá þykir hæfileg refsing vera áminning.

#### IV. Niðurstaða

Kærða Y telst hafa gerst brotleg gegn 3. grein í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

F.h. siðanefndar

---

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

---

Kristín Fjóla Fannberg

---

Kristín Sveinbjarnardóttir